

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

13. febrúar 2015

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík
landsskipulag@skipulagsstofnun.is

Efni: Umsögn um tillögu til kynningar á landsskipulagsstefnu 2015 - 2026

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hefur kynnt sér tillögu að landsskipulagsstefnu 2015 – 2026, sérstaklega þar sem fjallað er um skipulag á miðhálandi Íslands í stefnutillögunni.

Samtökin telja sig eiga hagsmuna að gæta þar sem verndun á náttúru Skaftárhrepps er helsta baráttumál samtakanna. Skaftárhreppur er annað stærsta sveitarfélag landsins og stór hluti þess eru hálendissvæði. Á hálendi Skaftárhrepps og á nærliggjandi svæðum er margar verðmætar og þekktar náttúruminjar. Þar með talið er Friðland að fjallabaki með Torfajökulsöskjunni sem fyrirhugað er að fari á heimsminjaskrá UNESCO. Má þar einnig nefna Álftaversafrétt sem liggur að Friðlandi að fjallabaki og Torfajökli. Álftaversafréttur er einnig þekktur sem Öldufellsleið. Leiðin er af fjölmörgum talin einhver alfallegasti fjallvegur landsins og hefur gjarnan verið nefnd „spariinnangurinn að Fjallabaki“. Þar eru miklar og merkar jökulminjar; jarðsaga Kötlu og Eldgjár sem opin bók, og svæðið allt einkennist af samspili elds og íss; stöðugri landmótun, sérstökum gróðursamfélögum og merkri, áhugaverðri gróðurframvindu.

Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna um tillöguna og fjalla þær um skipulag á miðhálandi Íslands.

Samtökin telja að stefna skipulagstillögunnar sé almennt mjög opin og óskýr og ekki sé nægilega tryggt í stefnumörkun tillögunnar að náttúra og landslag á miðhálandi Íslands njóti verndar gegn stórfamkvæmdum á borð við virkjanir, raflínur, uppbyggðar vegir og hótélbyggingar. Samtökin benda ennfremur á að framkvæmdir í byggð, svo sem stórvirkjanir, geta haft mikil áhrif inn á miðhálandið með raflinum, vegagerð og sjónmengum. Kveða þarf fastar að verndun óbyggðra víðerni í stefnumörkun.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi er aðildarfélag Landverndar og lýsir stjórn Eldvatna yfir stuðningi við umsögn og athugasemdir Landverndar við framkomna tillögu til kynningar á landsskipulagsstefnu 2015 - 2026

F.h.stjórnar Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Jóna Björk Jónsdóttir, formaður Eldvatna
Mörtungu I, 880 Kirkjubæjarklaustur